

SAMÞYKKT

um hundahald í Reykjavík.

1. gr.

Bannað er að halda hund í Reykjavík nema með sérstakri undanþágu og að fengnu leyfi til þess, að uppfylltum skilyrðum samþykktar þessarar.

Undanþágur, leyfi og skráning.

2. gr.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar er heimilt að veita undanþágu og leyfi til að halda hund í Reykjavík með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Umsækjandi skal vera lögráða og er leyfið bundið við nafn og heimilisfang umsækjanda og er óheimilt að framselja það. Hundaeiganda ber að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um aðsetursskipti. Einnig skal hann tilkynna eftirlitinu ef hundurinn drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu.
- b. Við skráningu hunda getur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur leitað umsagnar lögreglu og annarra eftirlitsumdæma teljist þess þörf.
- c. Hafi umsækjandi ítrekað gerst brotlegur við samþykkt um hundahald í Reykjavík eða lög um dýravernd, er heimilt að synja umsækjanda um leyfi.
- d. Umsókn um leyfi skal fylgja vottorð um að umsækjandi hafi sótt námskeið um hundahald, sem viðurkennt er af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur eða meðmæli tveggja valinkunnra manna um hæfi umsækjanda til að halda hund.

3. gr.

Óheimilt er að halda hunda af eftirfarandi tegundum:

- a. Pit Bull Terrier.
- b. Fila Brasileiro.
- c. Toso Inu.
- d. Dogo Argentino.
- e. Blendinga af ofangreindum tegundum.
- f. Blendinga af úlfum og hundum.
- g. Aðrar hundategundir telji Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þess þörf, að fengnu álit sérfróðra aðila.

Bannað er að árásarþjálfra hunda nema í löggæsluskyni.

4. gr.

Hundar lögbýla eru skráningarskyldir og skulu eigendur þeirra greiða skráningargjald fyrir hvern hund. Eigendur hunda á lögbýlum eru undanþegnir árlegu eftirlitsgjaldi fyrir allt að tveimur hundum. Hundar á lögbýlum mega eingöngu ganga lausir á landareignum eigenda sinna. Að öðru leyti gilda önnur ákvæði samþykktarinnar fyrir hunda á lögbýlum.

5. gr.

Þegar sótt er um leyfi til að halda hund í fjöleignarhúsi, skal umsókn fylgja skriflegt samþykki allra eigenda, sem hafa eitthvert húsrými sameiginlegt, sbr. 13. tl. A-lið 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Sé um að ræða raðhús eða parhús skal samþykki eigenda aðliggjandi íbúða (íbúðar) fylgja með.

Ef annað er ekki tekið fram, nær samþykki samkvæmt 1. mgr. einvörðungu til eins ákveðins hunds og gildir á meðan hann lifir. Heimilt er að afturkalla samþykki ef forsendur breytast verulega. Ástæður, sem réttlætt geta afturköllun eru m.a. heilbrigðisástæður, svo

sem ofnæmi, og óþægindi og ónæði, sem fer verulega fram yfir það, sem venjulegt og eðlilegt er.

Ef um er að ræða annars konar sameign en getur í 1. mgr., eða nábyli af öðrum toga og sameigandi eða nágranni telur hundahaldið fara í bága við rétt sinn og hagsmuni, s.s. vegna ofnæmis eða ítrekaðs eða verulegs ónæðis og færi hann fram gild rök og fullnægjandi gögn því til stuðnings, getur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur synjað um umbeðið leyfi eða afturkallað áður veitt leyfi. Unnt er að vísa ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til heilbrigðisnefndar til úrskurðar.

Ef íbúð í fjöleignarhúsi er leigð út skal leigusali upplýsa leigjanda um hvort hundahald er leyft í húsinu.

Óheimilt er að halda hund og skrá, nema á heimili eiganda.

6. gr.

Gjöld vegna undanþágu skal greiða til borgarsjóðs.

Leyfisgjaldið skal greitt við skráningu hundsins. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga, fellur leyfið úr gildi.

Eftirlitsgjald skal greiða fyrirfram árlega með gjalddaga 1. febrúar og eindaga 1. mars.

Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur heilbrigðisnefnd ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag, eitt eða fleiri. Skal tryggingin ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og greiðslu árlegs leyfisgjalds.

7. gr.

Skylt er að ormahreinsa hunda ár hvert. Vottorði um hreinsun skal skilað til eftirlitsaðila fyrir 31. desember ár hvert.

Hundur, sem sótt er um skráningu á, skal örmerktur af dýralækni samkvæmt stöðlum Alþjóðastaðalskrárráðsins (ISO 11784 eða 11785). Auk þess skal hundurinn ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hundsins og símanúmer eiganda hans. Einnig skal festa merki við ólina, sem sýni að árlegt eftirlitsgjald hafi verið greitt.

8. gr.

Áður en hundur/hvolpur er tekinn inn á heimili í fjöleignarhúsi skal ávallt afla samþykkis samkvæmt 5. gr. Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

Hundar úr öðru lögsagnarumdæmi mega ekki án leyfis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dvelja lengur en eina viku í Reykjavík. Um skammtímaheimsóknir hunda í hús gildir ákvörðun eiganda einbýlis- og fjöleignarhúsa hverju sinni og/eða reglur viðkomandi húsfélags. Hundur skal að jafnaði hýstur á því heimili sem hann er skráður.

9. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur innan mánaðar frá því að hundur/hvolpur er tekinn inn á heimili. Hvolpa skal skrá eigi síðar en þeir verða 4 mánaða gamlir, ef þeir eru vistaðir á skráningarstað móður.

Upplýsingar um hundinn skal skrá hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Skrá skal heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Leyfishafi fær afhenta merkta plötu, sbr. 7. gr., og eintak af samþykkt um hundahald í Reykjavík.

10. gr.

Borgarstjórn ákveður í gjaldskrá árlegt gjald fyrir skráningu, eftirlit og handsömun hunda. Gjöldum er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktarinnar. Gjaldskráin skal sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum nr. 59/1999.

Synji Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um leyfi, getur umsóknaraðili skotið máli sínu til heilbrigðisnefndar til úrskurðar.

Umgengni, meðferð og aðgangur hunda.

11. gr.

Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna.

Hundaeigendum er ávallt skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

Óheimilt er að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis, nema nytjahunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utan húss, sbr. þó 3. mgr. 12. gr., og í fylgd manns, sem hefur fullt vald yfir þeim.

Óheimilt er að tjóðra hund án eftirlits ábyrgs aðila. Þegar hundur er tjóðraður á lóð, skal lengd festarinnar við það miðuð, að óhindrað megi ganga að aðaldyrum húss.

12. gr.

Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli, íþróttavelli eða þá staði sem um getur í 4. og 8. kafla og 11.-16. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum, ekki þar sem matvæli eru meðhöndluð, sbr. reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð um neysluvatn og reglugerð um ölkelduvatn. Þessir staðir eru m.a.:

1. Vatnsveitur, vatnsból og vatnsverndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
2. Almennings- og útisalerni.
3. Hvers konar sorpgeymslu- og sorpfögunarstaðir.
4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema samkvæmt ákvörðun umsýjónaraðila.
6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstofur.
10. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
11. Samkomuhús hvers konar og staðir, sem almenningur hefur aðgang að vegna afgreiðslu og þjónustu.
12. Kirkjugarðar.
13. Almenn samgöngutæki, nema leigubifreiðar með samþykki bílstjóra.

Heimilt er að vera með hunda á göngustígum borgarinnar, í almenningsgördum, í Heiðmörk, nema á brunnsvæðum, og á hesthúsasvæðum í Víðidal og á Víðivöllum í taumi og fylgd ábyrgs aðila.

Óheimilt er að fara með hunda á almennar samkomur.

Óheimilt er að fara með hunda um Bankastræti, Laugaveg að Rauðarárstíg, Lækjartorg, Austurstræti, Aðalstræti og Ingólfstorg. Enn fremur er óheimilt að fara með hunda á eftirtalin útivistarsvæði: Óskjuhlíð, Heiðmörk um varptíma fugla, (1. maí til 15. ágúst), Viðey, hólmana í Elliðaárdal og bakka Elliðaánna um laxveiðitíma.

Heimilt er að sleppa hundum lausum um eftirtalin svæði:

1. Geirsnef.
2. Geldinganes.
3. Önnur afmörkuð svæði, ákveðin af heilbrigðisnefnd.
4. Að svæði, fjarri íbúðabyggð.

Ákvæði 1., 2., 3. og 4. mgr. gilda ekki um hunda, sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa eða sem leiðsöguhundar sjónskertra.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum í sérstökum tilvikum.

13. gr.

Sleppi hundur frá eiganda eða umráðamanni, skal viðkomandi gera tafarlaugar ráðstafanir til að handsama hann. Eftirlitslausa hunda skal færa í sérstaka hundageymslu og tilkynna eiganda, sé hundur merktur, handsömunina svo fljótt sem auðið er. Ef hunds er ekki vitjað innan einnar viku frá handsömun, er heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skal hann aflífaður.

Hafi óskráður hundur verið handsamaður, er óheimilt að afhenda hann fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu áfallins kostnaðar. Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflífun hunds skal að fullu greiddur af eiganda.

14. gr.

Hafi eigandi hunds eða eftirlitsaðili ástæðu til að ætla að hundurinn sé grimmur eða varasamur, skal eigandi sjá til þess að hundurinn sé ávallt myldur utan heimilis síns.

Ef hundur telst hættulegur, getur eftirlitsaðili, tjónþoli eða forráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður og er þá skylt að verða við þeirri kröfu, enda hafi verið leitað álits sérfróðra aðila, s.s. dýralæknis eða hundapjálfara, sem viðurkenndur er af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, áður en ákvörðun um aflífun er tekin.

Eftirlit og viðurlög.

15. gr.

Ef hundaeigandi brýtur gegn samþykktinni eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur afturkallað leyfi eða bannað viðkomandi hundaeiganda að vera með hund í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Unnt er að vísa ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til heilbrigðisnefndar til úrskurðar.

16. gr.

Heilbrigðiseftirlitið eða aðilar á þess vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Reykjavík og getur leitað aðstoðar lögregluyfirvalda, þegar þörf krefur.

Heilbrigðisnefnd setur nánari reglur um framkvæmd samþykktar þessarar, svo sem um eftirlit, hreinsun, hundageymslu og hvaða starfsfólk annist þá þætti.

17. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða varðhaldi. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, kafla VI og VII.

Gildistaka.

18. gr.

Framangreind samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi

samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 305/1988 með breytingum nr. 620/1997 og nr. 678/1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Leyfi til hundahalds, sem veitt hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin um þau leyfi.

II.

Næstu tvö árin frá gildistöku samþykktar þessarar mun innheimta eftirlitsgjalda vegna hunda í fyrrum Kjalarneshreppi verða með svipuðum hætti og var fyrir sameiningu Reykjavíkur og Kjalarneshrepps.

Umhverfissráðuneytinu, 25. maí 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

26. maí 1999

Nr. 389

REGLUGERÐ

um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum nr. 13/1999 og gildir um fólksflutninga á landi með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri. Reglugerðin gildir líka um akstur sérleyfishafa þegar þeir nota bifreiðar sem rúma þrjá til átta farþega og um akstur sérútbúinna bifreiða t.d. til fjallaferða enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu.

Reglugerð þessi gildir ekki um akstur í eigin þágu.

Leyfi Vegagerðarinnar þarf til að hafa með höndum fólksflutninga í atvinnuskyni, sem reglugerð þessi nær til. Leyfið skal gilda í fimm ár og vera óframseljanlegt.

2. gr.

Reglubundnir fólksflutningar eru fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrirfram birtri áætlun einu sinni eða oftari í viku allt árið eða hluta þess og þjónustan er öllum opin. Til reglubundinna fólksflutninga telst:

1. Sérleyfi sem er leyfi til reglubundinna fólksflutninga þar sem heimilt er að taka upp og setja af farþega hvar sem er á leiðinni.
2. Einkaleyfi sem er sérleyfi sveitarfélags til reglubundinna fólksflutninga innan lögsagnarumdæmis þess.
3. Sérstakir reglubundnir fólksflutningar sem eru flutningar á ákveðnum hópi farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir.
4. Aðrir reglubundnir fólksflutningar sem eru flutningar sem hvorki eru sérleyfi né sérstakir reglubundnir fólksflutningar.

Óreglubundnir fólksflutningar eru aðrir fólksflutningar en reglubundnir.